

Fundargerð 151. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 21. júní 2024

Fundurinn haldinn á Vopnafirði og hófst kl. 10:40.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Eyþór Stefánsson, Stefán Þór Eysteinnsson, Sæunn Stefánsdóttir (á Teams), Axel Örn Sveinbjörnsson og Þórdís Mjöll Benediktsdóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mætt frá Austurbrú: Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð

Boðuð forföll: Þuríður Lillý Sigurðardóttir og Díana Mjöll Sveinsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerð stjórnarfundar [nr. 150](#) til kynningar

2. Helstu verkefni Austurbrúar – skýrsla framkvæmdastjóra

- Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni Austurbrúar milli funda og sagði stjórn m.a. frá ráðningu nýs starfsmanns í hlutverk verkefnastjóra umhverfis- og skipulagsmála, nýlegri jafnlaunaúttekt hjá Austurbrú, stöðu ráðningar starfsmanns vegna farsældarmála landshlutans og upphafskvöldi Austanáttar sem er vaxtarrými fyrir einstaklinga eða teymi sem vilja þróa áfram hugmyndir sem skapa verðmæti á Austurlandi. Þá benti framkvæmdastjóri stjórn á nokkrar fréttir á vef Austurbrúar þar sem sagt er frá ýmsum verkefnum sem hafa verið í gangi og eins nýlegt ársrit stofnunarinnar:
 - [Ársrit Austurbrúar](#)
 - [Metfjöldi prófa](#)
 - [Kolefnisspor Austurlands](#)
 - [BRAS hlaut úthlutun úr Barnamenningarsjóði](#)
 - [Austfirskir tónlistar](#)
 - [Útskrift af félagsliðagátt](#)
- Framkvæmdastjóri fór einnig yfir verkefni fram undan líkt og [Starfamessu](#) sem verður haldin á Austurlandi í september.

3. Starfsmannamál Austurbrúar

- Framkvæmdastjóri fór almennt yfir stöðu starfsmannamála hjá Austurbrú og mikilvægi þess að stofnunin sé samkeppnishæf þegar kemur að því að ráða starfsfólk í síkviku umhverfi.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 12:00

Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Axel Örn Sveinbjörnsson

Sæunn Stefánsdóttir

Þórdís Mjöll Benediktsdóttir

Eypór Stefánsson

Stefán Þór Eysteinnsson